



Bæjarstjórn Garðabæjar 9. (942)/2024

Boðað er til 9. (942). fundar bæjarstjórnar fimmtudaginn 6. júní 2024 kl. 17:00 í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Dagskrá:

1. 2406050 - Kosning forseta bæjarstjórnar og 1. og 2. varaforseta til eins árs.
2. 2406051 - Kosning 5 fulltrúa í bæjarráð til eins árs.
3. 2406052 - Kosning eins aðalmanns og varamanns í stjórn Strætó bs.
4. 2406053 - Kosning eins aðalmanns og varamanns í stjórn Sorpu bs.
5. 2406057 - Kosning fulltrúa í stefnuráð byggðasamlaga.
6. 2406059 - Kosning fulltrúa á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga.
7. 2405026F - Fundargerð bæjarráðs frá 21/5 '24.
8. 2405035F - Fundargerð bæjarráðs frá 28/5 '24.
2405296 - Tillaga að breytingu á reglum um greiðslur til forráðamanna barna.
9. 2405050F - Fundargerð bæjarráðs frá 4/6 '24.
2110128 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á norðanverðum Arnarneshálsi (3.37 VÞ)
2405438 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts varðandi fjölbýlishúsalóðirnar við Vorbraut 8-12.
2403271 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir rammahluta Vífilsstaðalands sem felur í sér tilfærslu á fjölda íbúða milli svæða.
2405177 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðahólts vegna lóðarinnar við Grímsgötu 6.
10. 2405027F - Fundargerð leikskólanefndar frá 22/5 '24.
11. 2405018F - Fundargerð menningar- og safnanefndar frá 16/5 '24.
12. 2405042F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 29/5 '24.



13. 2405033F - Fundargerð ungmennaráðs frá 7/5 '24.
14. 2405016F - Fundargerð velferðarráðs frá 15/5 '24.
15. 2405012F - Fundargerð öldungaráðs frá 13/5 '24.
16. 2401141 - Fundargerð heilbrigðisnefndar frá 27/5 '24.
17. 2401135 - Fundargerð stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins frá 19/4 '24
18. 2401134 - Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 17/5 '24.
19. 2401133 - Fundargerð stjórnar Sorpu bs. frá 7/5 '24.
20. 2406070 - Ósk um lausn frá störfum bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson,
bæjarstjóri.

Bæjarstjórn Garðabæjar
8. (941). fundur 2024

Fimmtudaginn 16. maí 2024 kl. 17:00 kom bæjarstjórn Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Almar Guðmundsson bæjarfulltrúi, Björg Fenger bæjarfulltrúi, Sigríður Hulda Jónsdóttir bæjarfulltrúi, Margrét Bjarnadóttir bæjarfulltrúi, Hrannar Bragi Eyjólfsson bæjarfulltrúi, Gunnar Valur Gíslason bæjarfulltrúi, Bjarni Theódór Bjarnason varabæjarfulltrúi, Þorbjörg Þorvaldsdóttir bæjarfulltrúi, Ingvar Arnarson bæjarfulltrúi, Guðlaugur Kristmundsson varabæjarfulltrúi og Brynja Dan Gunnarsdóttir bæjarfulltrúi.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Fundurinn er hljóðritaður og streymt beint á vef bæjarins. Sigríður Hulda Jónsdóttir, forseti bæjarstjórnar, setti fund og stjórnaði. Fundargerð bæjarstjórnar frá 2. maí 2024 er lögð fram.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2405002F - Fundargerð bæjarráðs frá 7/5 '24.

Enginn kvaddi sér hljóðs.

Fundargerðin sem er 11. tl. er samþykkt samhljóða.

2. 2405011F - Fundargerð bæjarráðs frá 14/5 '24.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 11.tl., verkefnaáætlun velferðarsviðs Garðabæjar.

Fundargerðin sem er 11. tl. er samþykkt samhljóða.

Afgreiðsla mála:

2404386 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu á breytingu á deiliskipulagi fyrir Eskiás 7 og 10.

Bæjarstjórn samþykkir tillögu skipulagsnefndar, frá fundi 8. maí um breytingu deiliskipulags Ása og Grunda, sem nær til fjölbýlishúsa við Eskiás 6, 7, 8 og 10.

Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarksfjöldi íbúða við Eskiás eykst um 22 íbúðir, eða úr 276 í 298.

Einnig að byggingarreitum á lóðunum nr. 7 og 10 verði breytt, þannig að þær íbúðagerðir sem þróaðar hafa verið á svæðinu gangi vel upp á lóðunum. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir að hámarksfjöldi hæða hækki úr tveimur hæðum í þrjár hæðir á lóðinni nr. 10 og á nyrðri byggingarreit meðfram Eskiási á lóðinni nr. 7.

Samþykkt tillaga skal auglýst í samræmi við 1.mgr. 43.gr. og 41.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

3. 2405006F - Fundargerð íþrótt- og tómstundaráðs frá 8/5 '24.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls. Óskaði hann Karatefélagi Garðabæjar til hamingju með Íslandsmeistaratitil félagsliða í kata. Hrannar Bragi ræddi 1. tl., sumarnámskeið 2024, 2.tl., vinnuskólann 2024, 3.tl., Ungmennahús, undirbúningsvinnu, 4.tl., íþróttaping Garðabæjar, 5.tl.,

umsókn um styrk vegna keppnisferðar á Special Olympics Idrottsfestival og 6.tl. Forsetabíkarinn 2024.

Þorbjörg Þorvaldsdóttir ræddi 1.tl., sumarnámskeið 2024 og 3.tl. Ungmennahús undirbúningsvinnu.

Ingvar Arnarson ræddi 7.tl., fjallahjólamót í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Björg Fenger ræddi 1.tl., sumarnámskeið 2024 og 7.tl., fjallahjólamót í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi 1.tl. vinnuskólann 2024 og 7.tl. fjallahjólamót í nágrenni höfuðborgarsvæðisins.

Fundargerðin er lögð fram.

4. 2405003F - Fundargerð skipulagsnefndar frá 8/5 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

5. 2404046F - Fundargerð skólanefndar grunnskóla frá 8/5 '24.

Sigríður Hulda Jónsdóttir ræddi 2.tl., þróunarsjóð grunnskóla 2024, 3.tl., endurmenntunarsjóð grunnskóla 2024 og 4.tl. kynningu og samtal við stjórnendur Urriðaholtsskóla.

Brynja Dan Gunnarsdóttir ræddi 2.tl., þróunarsjóð grunnskóla 2024.

Sigríður Hulda Jónsdóttir tók til máls að nýju og ræddi 2.tl., þróunarsjóð grunnskóla 2024.

Fundargerðin er lögð fram.

6. 2405004F - Fundargerð umhverfisnefndar frá 8/5 '24.

Ingvar Arnarson ræddi 1.tl., samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu, 2.tl., fundargerðir 2024, stjórn Reykjanesfólksvangs, 3.tl., mengunarmælingar 2024 - umhverfisvöktun í vatni og 4.tl. loftgæðamælingar - umhverfisvöktun í lofti.

Almar Guðmundsson ræddi 2.tl., fundargerðir 2024, stjórn Reykjanesfólksvangs, 3.tl., mengunarmælingar 2024 - umhverfisvöktun í vatni og 4.tl., loftgæðamælingar - umhverfisvöktun í lofti.

Fundargerðin er lögð fram.

7. 2401134 - Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 2/4 og 29/4 '24.

Hrannar Bragi Eyjólfsson ræddi 1.tl. fundargerðar frá 29. apríl, rekstrarleyfi Strætó og 2.tl., útboð á akstri.

Ingvar Arnarson ræddi 1.tl. fundargerðar frá 29. apríl, rekstrarleyfi Strætó.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi sama mál.

Guðlaugur Kristmundsson ræddi 1.tl. fundargerðar frá 29. apríl, rekstrarleyfi Strætó.

Ingvar Arnarson tók til máls að nýju og ræddi sama mál.

Hrannar Bragi Eyjólfsson tók til máls að nýju og ræddi sama mál.

Fundargerðirnar eru lagðar fram.

8. 2401607 - Fundargerð stjórnar Reykjanesfólkvangs frá 18/4 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

9. 2401136 - Fundargerð stjórnar SSH frá 6/5 '24.

Gunnar Valur Gíslason ræddi 10.tl., samráðshóp á sviði velferðarmála - fundargerðir.

Almar Guðmundsson ræddi 2.tl., fráveitumál höfuðborgarsvæðisins, forathugun, sóknaráætlun 2024.

Fundargerðin er lögð fram.

10. 2401137 - Fundargerð svæðisskipulagsnefndar frá 3/5 '24.

Fundargerðin er lögð fram.

11. 2401001 - Kosning fulltrúa í undirkjörstjórnir og hverfiskjörstjórn Álfтанess við kjör forseta Íslands.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi aðila í undirkjörstjórn vegna kjörs forseta Íslands, laugardaginn 1. júní nk.

Fanney Óskarsdóttir, Steinási 4, Gunnhildur Eva Arnoddsdóttir, Hagaflöt 4, Anna Margrét Halldórsdóttir, Kríunesi 14, Íris Rut Erlingsdóttir, Furuási 2, Auður Björgvinsdóttir, Hrísmóum 9. Ragnheiður Stephensen, Löngumýri 57, Hafdis Bára Kristmundsdóttir, Asparholt, Herdis Sigurbergssdóttir, Línakri 3, Daniel Jósefsson, Kjarrmóar 39, Halla Þórisdóttir, Heiðarlundi 21. Guðrún Ásta Lúðvíksdóttir, Mariúgata 32, Gunnsteinn Geirsson, Hagaflöt 4, Herdis Jónsdóttir, Hæðarbyggð 5, Halldóra Pétursdóttir, Tunguás 2, Lára Gísladóttir, Norðurbrú 4. Kristín Einarsdóttir, Holtsvegi 23-25, Anna Lilja Torfadóttir, Brekkubýggð 56, Íris Rut Sigurbergssdóttir, Móaflöt 7, Erna Björk Ásbjörnsdóttir, Kjarrmóar 39, Ríkey Jóna Eiríksdóttir, Hrísmóar 6. Oddrún Helga Oddsdóttir, Sjávargrund 9B, Katrín Halldórsdóttir, Einilundi 7, Dröfn Ágústsdóttir, Lyngmóum 7, Anna Lena Halldórsdóttir, Hallakri 2B, Þórhildur Reinharðsdóttir, Aratúni 18. Anna R. Möller, Strandvegur 12, Gústav Lúðvíksson, Lindarflöt 50, Guðmunda Inga Gunnarsdóttir, Strandvegur 10, Birta María Sigmundsdóttir, Holtsvegur 23-25, Urður Helga Gísladóttir, Móaflöt 39. Vala Dröfn Hauksdóttir, Móaflöt 37, Auður Atladóttir, Holtsvegur 39, Skarphéðinn Jónsson, Strandvegur 10, Hildur Benediktsdóttir, Gimli, Árni Gunnar Kristjánsson, Hlíðarbyggð 9. Unnur Flygenring, Grund, Kolbrún Sigmundsdóttir, Hofakri 3, Petrína Ýr Friðbjörnsdóttir, Furulundi 1, Sigurður Örn Magnússon, Hvannalundi 5, Dóra Þórisdóttir, Espilundi 10. Hjördís Jóna Gísladóttir, Hólmatúni 31, Elsa Rut Leifsdóttir, Birkiholti 6, Guðmundur Ingi Bjarnason, Vesturtún 42, Sæunn Eiríksdóttir, Strandvegur 26, Anna Kristmundsdóttir, Asparholti 1. Guðfinna Dröfn Aradóttir, Hólmatúni 8, Kristín Rós Björnsdóttir, Sjávangötu 22, Ingibjörg Jónsdóttir, Hólmatúni 10, Katrín Jónína Gunnarsdóttir, Birkiholti 6, Rúna Lía Þráinsdóttir, Sviðholtsvör 9.

Bæjarstjórn samþykkir að kjósa eftirfarandi aðila í hverfiskjörstjórn Álfтанess vegna kjörs forseta Íslands, laugardaginn 1. júní nk.

Snædís Björnsdóttir, Lyngmóum 7, Lúðvík Hjalti Jónsson, Lindarflöt 50, Þorgerður
Kristinsdóttir, Vesturtún 42, Andrés Sigurðsson, Hólmatúni 3.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Fundargerð bæjarstjórnar fimmtudaginn 16. maí 2024 upplesin í lok fundar og staðfest með undirritun viðstaddra bæjarfulltrúa.

Almar Guðmundsson, (sign)
Björg Fenger, (sign)
Sigríður Hulda Jónsdóttir, (sign)
Margrét Bjarnadóttir, (sign)
Hrannar Bragi Eyjólfsson, (sign)
Gunnar Valur Gíslason, (sign)
Bjarni Theódór Bjarnason, (sign)
Þorbjörg Þorvaldsdóttir, (sign)
Ingvar Arnarson, (sign)
Guðlaugur Kristmundsson, (sign)
Brynja Dan Gunnarsdóttir, (sign)

Bæjarráð Garðabæjar
19. (2120). fundur 2024

Þriðjudaginn 21. maí 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Gunnar Valur Gíslason varaformaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2401084 - Hörgatún 2 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Hávarðsstöðum ehf., kt. 540617-0150, leyfi til að koma fyrir óupphituðu skýli við vörumóttöku að vestanverðu á jarðhæð á lóðinni Hörgatúni 2.

2. 2107247 - Smáraflöt 22 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Illuga Fanndal Birkissyni, kt. 050574-3189, leyfi til að breyta einangrun hússins, lækkun botnplötu, breytingu á gluggum í stofu til upprunalegs útlits og herbergjaskipan innanhúss, á Smáraflöt 22.

3. 2209699 - Tilboð í framkvæmdir við byggingu Urriðaholtsskóla, 3. áfanga.

Lögð fram eftirfarandi tilboð í framkvæmdir við Urriðaholtsskóla, 3. áfanga.

Þarfapíng ehf., kr. 2.449.005.747.-

ÞG verk ehf., kr. 2.630.659.997.-

Flotgólf ehf., kr. 2.464.757.408.-

Ístak hf., kr. 2.745.378.132.-

Kostnaðaráætlun kr. 2.830.336.246.-

Bæjarráð felur sviðsstjóra umhverfissviðs að ræða við lægstbjóðanda og óska eftir frekari gögnum í samræmi við kafla 0.1.11. í útboðs- og verklýsingum með það að markmiði að gera verksamning um verkefnið að því gefnu að gögnin uppfylli þær kröfur sem fram koma í útboðs- og verklýsingu.

4. 2401526 - Holtsbúð 87 - Klaustrið. RFI markaðskönnun.

Minnisblað VSÓ ráðgjafar um samantekt innsendra hugmynda varðandi RFI (Request for information) markaðskönnun varðandi samstarfsverkefni um kaup eða leigu, endurbætur, viðhald og rekstur á húsnæði Klaustursins við Holtsbúð 87. Skilafrestur var til 14. maí og

skiluðu alls 8 aðilar inn hugmyndum áður en skilafresturinn rann út.

Bæjarráð vísar málinu til bæjarstjóra til frekari úrvinnslu.

5. 2405296 - Tillaga að breytingu á reglum um greiðslur til forráðamanna barna.

Afgreiðslu frestað.

6. 2311298 - Úttekt Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála á samræmdri móttöku flóttafólks.

Lögð fram úttekt gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála á samræmdri móttöku flóttafólks. Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar velferðarráðs og felur sviðsstjóra velferðarsviðs að fara nánar yfir þau atrið sem lagt er til að bætt sé úr.

7. 2405293 - Bréf Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála um niðurstöður frumkvæðisathugunar á upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga. dags. 16.05.24.

Niðurstaða frumkvæðisathugunar gæða og eftirlitsstofnunar velferðarmála á upplýsingum um þjónustu við fatlað fólk á vefsíðum sveitarfélaga, dags. 16. maí 2024. Bæjarráð vísar bréfinu til umfjöllunar velferðarráðs og felur sviðsstjóra velferðarsviðs að fara nánar yfir þau atrið sem lagt er til að bætt sé úr.

8. 2405195 - Ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur 2023.

Lögð fram ársskýrsla Skógræktarfélags Reykjavíkur 2023, vegna aðalfundar félagsins sem haldinn var þann 23. apríl 2024.

9. 2405289 - Bréf Umhverfisstofnunar varðandi tilnefningu fulltrúa í samstarfsnefnd um málefni friðlandsins Bessastaðanes, dags. 14.05.24.

Bæjarráð samþykkir að tilnefna Lindu Björk Jóhannsdóttur í samstarfsnefnd um friðland Bessastaðanes, sbr. auglýsingu um friðlýsingu Bessastaðanes Stj.B., nr. 755/2023.

10. 2405190 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um um breytingu á lögræðislögum nr. 71/1997 (nauðungarvistanir, yfirlögráðendur o.fl.), 925. mál, dags. 13.05.24.

Lagt fram.

11. 2405299 - Samstarfssamningur milli umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Lagður fram samstarfssamningur milli umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins og Sambands íslenskra sveitarfélaga um verkefni sveitarfélaga á sviði umhverfis-, orku- og loftlagsmála, dags. 24. apríl 2024.

12. 2405302 - Göngu og hjólastígar um Kópavogsháls - ósk um umsögn

Lögð fram umsagnarbeiðni Kópavogsbæjar um göngu- og hjólræðasdtíga um Kópavogsháls, nr. 0583/2024, kynning tillögu á vinnslustigi (nýtt deiliskipulag).

Bæjarráð vísar umsagnarbeiðninni til skipulagsnefndar.

13. 2405152 - Starfs- og verkefnaáætlun Umhverfissviðs.

Sviðsstjóri Umhverfissviðs fór yfir verkáætlun og starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Bæjarráð Garðabæjar
20. (2121). fundur 2024

Þriðjudaginn 28. maí 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Gunnar Valur Gíslason varaformaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson varaáheyrnarfulltrúi, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Sigríður Logadóttir, lögfræðingur og persónuverndarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2402112 - Engimýri 6 - Umsókn um byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Helga Hafsteini Helgasyni, kt. 100169-3989, leyfi til að breyta innra fyrirkomulagi efri hæðar og kjallara, setja glugga á kjallara og innrétta og nýta kjallara sem frístunda- og vinnuáðstöðu, í Engimýri 6.

2. 2405351 - Bréf Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar varðandi niðurfellingu fasteignagjalda.

Bæjarráð samþykkir að veita Golfklúbbi Kópavogs og Garðabæjar styrk að fjárhæð kr. 12.421.623 til greiðslu fasteignagjalda af golfskála árið 2024.

3. 2405296 - Tillaga að breytingu á reglum um greiðslur til forráðamanna barna.

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu að breytingum á reglum um greiðslur til forráðamanna barna 12 mánaða og eldri sem eru á biðlista eftir leikskóladvöl í Garðabæ.

4. 2405332 - Bréf Alþingis varðandi frumvarp til laga um tekjustofna sveitarfélaga (gjaldfrjálsar skólamáltíðir), 1114. mál, dags. 17. maí 2024.

Lagt fram.

5. 2405396 - Bréf Alþingis varðandi tillögu til þingsályktunar um ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun til ársins 2030, 1036. mál, dags. 22. maí 2024.

Lagt fram.

6. 2405417 - Ársreikningur Líknarsjóðs Álftaness 2023

Lagður fram.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Bæjarráð Garðabæjar
21. (2122). fundur 2024

Þriðjudaginn 4. júní 2024 kl. 08:00 kom bæjarráð Garðabæjar saman til fundar í fundarsal bæjarstjórnar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Gunnar Valur Gíslason varaformaður, Margrét Bjarnadóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir aðalmaður, Guðlaugur Kristmundsson varaáheyrnarfulltrúi, Almar Guðmundsson bæjarstjóri, Lúðvík Örn Steinarsson sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs, Ágúst Þór Guðmundsson sviðsstjóri þróunar- og þjónustusviðs og Ásta Sigrún Magnúsdóttir samskiptastjóri.

Fundargerð ritaði: Lúðvík Örn Steinarsson, sviðsstjóri fjármála- og stjórnsýslusviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2111122 - Opnun tilboða í byggingarrétt lóða við Kumlamýri.

Lögð voru fram óopnuð umslög með tilboðum í byggingarrétt lóða við Kumlamýri 5-7, 6-8, 17-19 og 21-23, sbr. samþykkt bæjarráðs frá fundi 7. maí sl. um sölu á byggingarrétti lóða við Kumlamýri og tilkynningu á vef Garðabæjar. Tilboðin komu frá söluaðilum, þ.e. Torg - fasteignasölu, Garðatorg eignamiðlun, Fasteignamarkaðinum og Fasteignasölnni Miklaborg. Umslögin voru opnuð og tilboðin flokkuð eftir tegundum lóða. Samtals bárust 161 tilboð. Tilboðin verða skráð, flokkuð nánar og tekin til afgreiðslu á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 11. júní 2024.

2. 2404377 - Opnun tilboða í byggingarrétt lóða í Prýðahverfi. (sunnan gamla Álftanesvegur)

Lögð voru fram óopnuð umslög með tilboðum í byggingarrétt lóða við Garðprýði 2, 4 og 6. Kjarrprýði 1, 2 og 3 og Steinprýði 2 og 11, sbr. samþykkt bæjarráðs frá fundi 7. maí sl. um sölu á byggingarrétti lóða í Prýðahverfi og tilkynningu á vef Garðabæjar. Tilboðin komu frá söluaðilum, þ.e. Torg - fasteignasölu, Garðatorg eignamiðlun, Fasteignamarkaðinum og Fasteignasölnni Miklaborg. Umslögin voru opnuð og tilboðin flokkuð eftir tegundum lóða. Samtals bárust 72 tilboð. Tilboðin verða skráð, flokkuð nánar og tekin til afgreiðslu á fundi bæjarráðs þriðjudaginn 11. júní 2024.

3. 2212010 - Vetrarbraut 38 - dælustöð - Umsókn um byggingaráform og byggingarleyfi.

Bæjarráð samþykkir afgreiðslu byggingarfulltrúa að veita Samveitum Garðabæjar leyfi til að byggja dælustöð fyrir dreifingu á köldu vatni að Vetrarbraut 38.

4. 2405091 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna fjölgunar á íbúðareiningum lóðarinnar við Vorbraut 49-55 úr fjórum í sex.

Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts vegna lóðarinnar við Vorbraut 49-55 samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga, Tillagan gerir ráð fyrir fjölgun íbúðaeininga úr fjórum í fimm.

5. **2110128 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 vegna svæðis á norðanverðum Arnarneshálsi (3.37 VP)**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að auglýsa samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 36. gr. sömu laga tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar sem nær til svæðis á norðanverðum Arnarneshálsi (3.37 VP).

Tillaga hefur verið kynnt Skipulagsstofnun og fyrir liggur að stofnunin gerir ekki athugasemd við að skipulagstillagan verði auglýst samkvæmt 31. gr. enda verði brugðist við athugasemdum við tilgreind atriði. Tillagan hefur verið yfirfarin og breytt til samræmis við athugasemdir Skipulagsstofnunar.

Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi fyrir sama svæði.

6. **2110129 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að deiliskipulagi fyrir norðanverðan Arnarnesháls.**

Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að deiliskipulagi ásamt umhverfismatsskýrslu fyrir svæði á norðanverðum Arnarneshálsi samkvæmt 1. mgr. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. 1. mgr. 41. gr. sömu laga.

Samkvæmt tillögunni verður byggðin blanda af 3-6 hæða fjölbýlishúsum ásamt atvinnu-, verslunar og/eða þjónustuhúsnæði næst Hafnarfjarðarvegi. Tvær aðkomuleiðir eru að byggðinni, frá Fífuhvamsvegi og um fyrirhuguð undirgöng undir Arnarnesveg frá Akrabraut.

Umferðarreikningar sýna að stærsti hluti umferðar að og frá hverfinu verður um Fífuhvamsveg. Fjölbýlishúsabyggð næst Arnarnesvegi og Fífuhvamsvegi er uppbrotin og lagar sig að landhalla og myndar umgjörð um sameiginlega inngarða. Sérstök kennileitisbygging/atvinnuhúsnæði getur orðið allt að 8 hæðir. Til móts við atvinnuhúsnæði fyrir miðju svæðisins er gert ráð fyrir verslunar- og/eða þjónusturými á jarðhæðum í tengslum við miðlægt torg þar sem m.a. er gert ráð fyrir stoppistöð Borgarlínu. Á svæðinu er gert ráð fyrir u.þ.b. 500 íbúðum og u.þ.b. 40.000 m² af verslunar, skrifstofu og þjónusturými.

Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að breytingu á aðalskipulagi fyrir sama svæði.

7. **2302193 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis) vegna staðsetningar farsímamasturs á opnu svæði við gatnamót Ásabrautar og Stórás.**

Bæjarráð samþykkir tillögu skipulagsnefndar að auglýsa tillögu að breytingu á deiliskipulagi Hraunsholts vestra (Ásahverfis). Tillagan gerir fyrir staðsetningu 18 metra farsímamasturs við Ásabraut, á opnu svæði við gatnamót Ásabrautar og Stórás.

8. **2405438 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts varðandi fjölbýlishúsalóðirnar við Vorbraut 8-12.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi norðurhluta Hnoðrahólts. Tillagan gerir ráð fyrir sameiginlegum bílakjallara fjölbýlishúsanna við Vorbraut 8, 10 og 12 og að byggingarreitur verði breikkaður úr 14 metrum í 15 metra.

Grenndarkynna skal tillöguna lóðarhöfum að Vorbraut nr. 7, 9, 11, 13 og 15 og Skerpluhólts 1, 3, 5 og 7. Við framkvæmd grenndarkynningar skal fyrir liggja til kynningar uppdættir sem sýna fram á fyrirhugaðan frágang lóðar og lóðarmarka.

- 2403271 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 fyrir rammahluta Vífilsstaðalands sem felur í sér tilfærslu á fjölda íbúða milli svæða.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar að breytingu á aðalskipulagi Garðabæjar er varðar rammahluta Vífilsstaðalands verði kynnt íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum á almennum fundi eða á annan fullnægjandi hátt. Einnig skal tillagan kynnt sveitarstjórnnum aðliggjandi sveitarfélaga og svæðisskipulagsnefnd á þeim svæðum þar sem starfandi er slík nefnd. Tillagan skal jafnframt kynnt öðrum sveitarfélögum sem kunna að eiga hagsmuna að gæta vegna skipulagsins.

Tillagan gerir ráð fyrir því að fjöldi íbúða í Hnoðraholti norður hækki úr 470-520 í 500-600 en fjöldi íbúða í Hnoðraholti suður lækki úr 700-750 í 600-700. Á miðsvæði í Vetrarmýri fjölgi úr 600-800 íbúðum í 700-900 íbúðir. Á Vífilsstöðum vestur verði gert ráð fyrir 100-200 íbúðum í stað 100.

- 2405177 - Afgreiðsla skipulagsnefndar varðandi tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Grímsgötu 6.**

Bæjarráð samþykkir að leggja til við bæjarstjórn að samþykkja tillögu skipulagsnefndar um að fram fari grenndarkynning skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og 2. mgr. 44. gr. sömu laga vegna tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi 4. áfanga norðurhluta Urriðaholts vegna lóðarinnar við Grímsgötu 6. Tillagan gerir ráð fyrir því að hámarks byggingarmagn lóðarinnar að Grímsgötu 6 aukist um 60 m².

Grenndarkynna skal tillöguna lóðarhöfum og eigendum íbúða að Grímsgötu 2, 4 og 8 og Vörðugötu 2.

- 2405453 - Tilkynning frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu varðandi fyrstu hvítbókina í málaflóknum - Samfélag okkar allra - framtíð og stefna Íslands í málefnum innflytjenda, dags. 25.05.24.**

Lögð fram og vísað til kynningar í velferðarráði.

- 2405520 - Bréf Saman-hópsins varðandi mikilvægi samveru fjölskyldna dags. 29.05.24.**

Lagt fram.

- 2405318 - Umsókn Kristínar Bjarkar Þorvaldsdóttur um stöðuleyfi fyrir ferða sánavagni.**

Bæjarráð vísar umsókninni til afgreiðslu og úrlausnar bæjarstjóra.

- 2405550 - Tilkynning Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar um fasteignamat 2025.**

Í tilkynningunni kemur fram að fasteignamat fyrir árið 2025 hefur verið birt og tekur gildi 31. desember 2024. Heildarmat fasteigna í Garðabæ hækkar um 3,9%.

- 2405152 - Kynning sviðsstjóra fræðslu og menningarsviðs á starfs- og verkefnaáætlun sviðsins.**

Sviðsstjóri fræðslu- og umhverfissviðs fór yfir verkáætlun og starfsemi sviðsins.

Fleira ekki gert.,
Undirritun á næstu síðu.

Leikskólanefnd Garðabæjar
20. fundur 2024

Miðvikudaginn 22. maí 2024 kl. 08:30 kom leikskólanefnd Garðabæjar saman til fundar í leikskólanum Bæjarbóli.

Fundinn sátu: Margrét Bjarnadóttir formaður, Inga Rós Reynisdóttir aðalmaður, Benedikt D. Valdez Stefánsson aðalmaður, Maria Eugenia Aleman Henriquez varamaður, Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs, Kristín Hemmert Sigurðardóttir fulltrúi leikskólastjóra, Guðrún Viktoría Skjaldardóttir fulltrúi starfsmanna og Hanna Halldóra Leifsdóttir leikskólafulltrúi.

Fundargerð ritaði: Hanna Halldóra Leifsdóttir, leikskólafulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2405297 - Heimsókn leikskólanefndar í Bæjarból

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

Menningar- og safnanefnd Garðabæjar
58. fundur 2024

Fimmtudaginn 16. maí 2024 kl. 16:30 kom menningar- og safnanefnd Garðabæjar saman til fundar í turnherbergi 3. hæð á bæjarskrifstofunum við Garðatorg.

Fundinn sátu: Guðrún Arna Sturludóttir aðalmaður, Torfi Geir Símonarson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Steinunn Vala Sigfúsdóttir varamaður, Arnar Hólm Einarsson varamaður, Ólöf Hulda Breiðfjörð menningarfulltrúi og Linda Udengård sviðsstjóri fræðslu- og menningarsviðs.

Fundargerð ritaði: Ólöf Breiðfjörð, menningarfulltrúi.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2402168 - Jazzþorpið í Garðabæ

Rætt um hvernig tókst til framkvæmdar Jazzþorpsins 2024. Ánægja meðal bæjarbúa og annarra gesta leynir sér ekki. Stefnt er að því að halda hátíðina fyrstu helgina í maí á næsta ári. Listrænn stjórnandi þorpsins, Ómar Guðjónsson, vill koma á framfæri þökkum fyrir traust og samstarf við starfsmenn bæjarins við uppsetningu þorpsins sem og niðurtöku.

2. 2404396 - Hvatningarsjóður ungra listamanna og hönnuða 2024

Styrkir úr hvatningarsjóði ungra hönnuða og listamanna samþykktir einróma. Tekið var mið af ályktun fulltrúa ungmennaráðs Garðabæjar um styrkuppphæðir. Styrkir verða afhentir við útnefningu bæjarlistamanns og afhendingu heiðursviðurkenningar vegna ómetanlegs starfs í þágu menningar.

3. 2403120 - Gróska samstarfssamningur

Samningur hefur verið undirritaður og undirbúningur á Jónsmessugleði hafinn.

4. 2405214 - 17. júní 2024

Farið yfir fyrirhugaða dagskrá á 17. júní sem verður með sama sniði og fyrra ár. Þátttakendur verða Skátafélagið Vífill, Blásarasveit Tónlistarskóla Garðabæjar, Kvenfélag Garðabæjar en auk þess stíga vinsælir skemmtikraftar á svið. Fjallkonan mun klæðast búningi Kvenfélags Álftaness að þessu sinni.

5. 2403132 - Útnefning bæjarlistamanns 2024 og heiðursviðurkenning

Rætt um dagsetningu athafnar og framkvæmd.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Skipulagsnefnd Garðabæjar

7. fundur 2024

Miðvikudaginn 29. maí 2024 kl. kom skipulagsnefnd Garðabæjar saman til fundar í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Björg Fenger formaður, Kjartan Vilhjálmsson aðalmaður, Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir aðalmaður, Ingvar Arnarson varamaður, Guðlaugur Kristmundsson aðalmaður, Hlynur Elías Bæringsson áheyrnarfulltrúi, Arinbjörn Vilhjálmsson skipulagsstjóri, Anna Guðrún Gylfadóttir byggingarfulltrúi, Guðbjörg Brá Gísladóttir sviðsstjóri umhverfissviðs og Hrönn Hafliðadóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Arinbjörn Vilhjálmsson, skipulagsstjóri.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2110128 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 8. Arnarnesháls/Arnarland

Lagt fram erindi Skipulagsstofnunar dags. 10. maí sl. þar sem fram kemur að stofnunin geri ekki athugasemd við að tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nái til Arnarlands (Arnarnesháls) verði auglýst þegar brugðist hafi verið við ákvæðum atriðum sem fram koma í erindinu.

Skipulagsstjóri gerði grein fyrir fundi hans og skipulagsráðgjafa með Skipulagsstofnun, þar sem lagðar voru fram hugmyndir að því með hvaða hætti mætti bregðast við þeim ábendingum sem stofnunin gerði.

Lögð fram tillaga að breytingum á ákvæðum tillögunnar sem koma til móts við ábendingar stofnunarinnar og eru í samræmi við þá deiliskipulagstillögu sem lögð er fyrir fundinn.

Skipulagsnefnd samþykkir að vísa breytingartillögunni með þeim breytingum sem lagðar eru til auglýsingar í samræmi við 3 l.gr.skipulagslaga 123/2010. Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að deiliskipulagi Arnarlands.

2. 2110129 - Arnarland. Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi Arnarlands sem nær til 8,9 ha svæðis sem í Aðalskipulagi nefnist Arnarnesháls. Tillagan er unnin á vegum landeiganda í samvinnu við Garðabæ.

Umsjón með gerð deiliskipulags er í höndum Nordic Arkitektastofu, ásamt Landslagi og VSB verkfræðistofu. Umhverfisskýrsla og önnur ráðgjöf er unnin af EFLU verkfræðistofu, umferðagreiningar voru unnar af Mannvit nú Cowi og sér sami aðili um Breeam vottun tillögunnar. Jóhanna Helgadóttir arkitekt og skipulagsfræðingur hjá Nordic gerði grein fyrir tillögunni.

Samkvæmt tillögunni verður byggðin blanda af 3-6 hæða fjölbýlishúsum ásamt atvinnu-, verslunar og/eða þjónustuhúsnæði næst Hafnarfjarðarvegi. Tvær aðkomuleiðir eru að byggðinni, frá Fífuhammsvegi og um fyrirhuguð undirgöng undir Arnarnesveg frá Akrabraut.

Umferðarreikningar sýna að stærsti hluti umferðar að og frá hverfinu verður um Fífuhammsveg. Fjölbýlishúsabyggð næst Arnarnesvegi og Fífuhammsvegi er uppbotin og lagar sig að landhalla og myndar umgjörð um sameiginlega inngarða. Sérstök kennileitisbygging/atvinnuhúsnæði getur orðið allt að 8 hæðir. Til móts við atvinnuhúsnæði fyrir miðju svæðisins er gert ráð fyrir verslunar- og/eða þjónusturými á jarðhæðum í tengslum við miðlægt torg þar sem m.a. er gert ráð fyrir stoppistöð Borgarlínu. Á svæðinu er gert ráð fyrir u.þ.b. 500 íbúðum og u.þ.b. 40.000 m² af verslunar, skrifstofu og þjónusturými.

Meginmarkmið skipulagsins er að leggja grunn að öflugu borgarumhverfi sem styrkir nærumhverfið og bætir lífsgæði bæði þeirra sem sækja svæðið, starfa og búa á svæðinu og í nálægð við það. Helstu áherslur eru á starfsemi og uppbyggingu sem styður við virkan lífsstíl og blandaða byggð.

Helstu markmið skipulagsins eru sett fram í fjórum flokkum, þau eru:

Byggðarmynstur

- að í Arnarlandi rísi borgarumhverfi með lifandi starfsemi og góðum íbúðum á samgöngu- og þróunarsvæðis á höfuðborgarsvæðinu.

Vistvænar samgöngur

- að í Arnarlandi verði greitt aðgengi að fjölbreyttum og vistvænum ferðamátum

Náttúran í borgarumhverfinu

- að í Arnarlandi verði gott aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og grænum svæðum bæði innan hverfisins og í nærumhverfinu.

Samfélag og lýðheilsa

- að í Arnarlandi rísi blönduð byggð sem styður við samfélagsheild og bætta lýðheilsu íbúa og gesta.

Tillagan er sett fram á einum deiliskipulagsuppdraetti í mkv. 1:1500, skýringaruppdraetti í mkv. 1:1500 og greinargerð í A4 stærð með skilmálum og skýringarmyndum.

Samhliða deiliskipulagi er lögð fram sameiginleg umhverfismatsskýrsla fyrir breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag í samræmi við lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021, Umhverfismatsskýrsla, breyting á aðalskipulagi og gerð nýs

deiliskipulags fyrir Arnarland í Garðabæ, unnin af EFLU verkfræðistofu, dagsett 21.05.2024.

Skipulagsnefnd leggur áherslu á að tillaga að deiliskipulagi Arnarnesvegar verði lögð fram eins fljótt og auðið er í samvinnu við Vegagerðina sem nær til aðgerða til þess að greiða fyrir umferð akandi, gangandi og hjólandi vegfarenda á svæðinu í kringum Arnarland.

Forhönnun aðgerða til að bæta umferðarflæði og öryggi við hringtorg á mótum Arnarnesvegar, Bæjarbrautar og Fífuhammsvegar liggja fyrir. Skipulagsnefnd leggur áherslu á að ráðist verði í þær framkvæmdir sem fyrst.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni ásamt umhverfismatsskýrslu til auglýsingar í samræmi við l.mgr. 41.greinar og 31.gr. skipulagslaga nr.123/2010. Tillagan skal auglýst samhliða tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar sem nær til sama svæðis.

Stefnt er að almennum kynningarfundum þriðjudaginn 11.júní nk.

3. 2403271 - Aðalskipulag Gbr 2016-2030, breyting á rammahluta Vífilsstaðalands. Tilfærslur á íbúðafjölda.

Lögð fram tillaga að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til rammahluta Vífilsstaðalands.

Tillagan gerir ráð fyrir því að fjöldi íbúða í Hnoðraholti norður hækki úr 470-520 í 500-600 en fjöldi íbúða í Hnoðraholti suður lækki úr 700-750 í 600-700. Á miðsvæði í Vetrarmýri fjölgi úr 600-800 íbúðum í 700-900 íbúðir. Á Vífilstöðum vestur verði gert ráð fyrir 100-200 íbúðum í stað 100.

Breytingar koma fram í greinargerð Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030, rammahluta Vífilsstaðalands.

Skipulagsnefnd vísar tillögunni til forkynningar í samræmi við 2.mgr. 30.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

4. 2203422 - Aðalskipulag Garðabæjar 2016-2030. Breyting 10. Stígakerfi í þéttbýli og þjónustukerfi

Þráinn Hauksson landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf og Hrönn Hafliðadóttir verkefnisstjóri hjá Umhverfissviði kynntu drög að tillögu að breytingu Aðalskipulags Garðabæjar 2016-2030 sem nær til stígakerfis í þéttbýli og þjónustukerfis.

Vísað til frekari úrvinnslu hjá skipulagsráðgjafa og umhverfissviði.

5. 2405218 - Sviðholtsvör 1 skjólveggir - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa að Sviðholtsvör 1 um hæð girðingar á lóðarmörkum. Með vísan í samþykkt Garðabæjar um veggir og girðingar samþykkir skipulagsnefnd að hæð girðingar meðfram Bjarnastaðavör sé ekki hærri en 150 cm, að Sviðholtsvör og að aðkomugötu að Sviðholtsvör 5 ekki hærri en 120 cm. Gæta skal að sjónlengdum á hornum og skal 120 cm há girðing ná fyrir hornið að Bjarnastaðavör.

6. 2302193 - Ásahverfi, farsímasamband.

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hraunsholts vestra (Ásahverfis) sem gerir ráð fyrir að staur fyrir farsímastenda við Ásabraut, á opnu svæði við gatnamót Ásabrautar við Stórás. Hæð staurisins yrði allt að 18 metrum til þess að þjóna austurhluta Ásahverfis. Með því móti geta þeir aðilar sem reka farsímaþjónustu nýtt sér aðstöðuna. Skipulagsnefnd vísar tillögunni til auglýsingar í samræmi við 41.gr. skipulagslaga nr.123/2010.

7. 2405091 - Hnoðraholt norður - Vorbraut - Raðhús - Dsk.br.

Lögð fram tillaga að breytingu Hnoðrahólts norður sem gerir ráð fyrir því að raðhúseiningum við Vorbraut verði fjölgað um 4 þannig að raðhúslengjan Vorbraut 49-55 samanstandi af 6 íbúðareiningum í stað 4. Á síðasta fundi nefndarinnar var tillögu sem gerði ráð fyrir því að í sömu raðhúslengju yrðu 5 íbúðareiningar vísað til auglýsingar. Að athuguðu máli fellst skipulagsnefnd ekki á að íbúðareiningar verði fleiri en 5 í lengjunni 49-55 og er því fyrri tillögu vísað aftur óbreyttri til bæjarstjórnar og lagt til að sú tillaga verði auglýst.

8. 2405062 - Vorbraut 49 - 55 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Sjá afgreiðslu á fundarlið 7.

9. 2405438 - Vorbraut 8-12 - Deiliskipulag

Lögð fram tillaga að breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts Norður sem gerir ráð fyrir sameiginlegum bílakjallara á lóðunum Vorbraut 8, 10 og 12 með einum aðkomurampi milli húsanna Vorbraut 8 og 10. Lóðirnar yrðu sameinaðar í eina lóð.

Einnig gerir tillagan ráð fyrir því að byggingarreitur verði breikkaður úr 14 m í 15.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Hnoðrahólts Norður í samræmi við 2.mgr. 43.gr. skipulagslaga nr.123/2010 og vísar til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Vorbrautar nr.7,9,11,13 og 15 og Skerpluhólts 1,3,5 og 7.

Áður en grenndarkynning fer fram þurfa að liggja fyrir uppdráttir sem sýna fram á fyrirhugaðan frágang lóðar og lóðarmarka.

10. 2405177 - Grímsgata 6 - DSK br.

Lögð fram tillaga að deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir því að hámarks byggingarmagn lóðarinnar Grímsgata 6 aukist um 60 m².

Skipulagsnefnd tekur undir þau atriði sem fram koma í umsögn deiliskipulagshöfundar sem lögð er fram með tillögunni.

Skipulagsnefnd metur tillöguna sem óverulega breytingu deiliskipulags Urriðahólts Norðurhluta 4 í samræmi við 2.mgr.43.gr.skipulagslaga nr.123/2010 og vísar henni til grenndarkynningar í samræmi við 44.gr.sömu laga.

Grenndarkynna skal eigendum Grímsgötu 2, 4 og 8 og Vörðugötu 2.
Guðrún Dóra Brynjólfssdóttir vék af fundi undir þessum lið.

11. 2405262 - Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. Lýsing skipulagsverkefnis.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við verkefnislýsinguna.

12. 2405302 - Göngu og hjólastígar um kópavogsháls - ósk um umsögn

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi göngu og hjólastíga um Kópavogsháls sem unnin hefur verið á vegum Kópavogsbæjar og vísað til forkynningar.

Skipulagsnefnd Garðabæjar gerir ekki athugasemd við tillöguna og lýsir yfir ánægju sinni með hana eins og hún er sett fram.

13. 2405025F - Afgreiðslufundur skipulagsstjóra - 5

13.1 2405208 - Spilda A úr landi Grundar - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram aðaluppdrættir sem fylgja umsókn um byggingarleyfi sem gerir ráð fyrir breytingum atvinnuhúsnæðis á spildu A úr landi Grundar við norðausturhorn Breiðabólstaðatjarnar á Álftanesi. Ekkert deiliskipulag er í gildi á svæðinu.

Byggingarleyfisumsókn sem samþykkt var árið 2014 hlaut grenndarkynningarferli sem byggingarleyfi í ódeiliskipulögðu landi og bærust engar athugasemdir.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið frá samþykktum uppdráttum í umsókn þeirri sem nú er til umfjöllunar eru ekki þess eðlis að þær kalli á grenndarkynningu að nýju.

Með vísan í 2.msl, 3.mgr. 44.gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fellir skipulagsstjóri niður grenndarkynningu og gerir ekki athugasemd við að byggingaleyfi verði veitt sem er í samræmi við framlagða uppdrætti.

13.2 2310085 - Lyngholt 19 - Endurskoðun lóðarmarka

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á deiliskipulagi Víðiholts og deiliskipulagi Breiðumýrar og norðanverðs Sviðsholts að lokinni grenndarkynningu. Tillagan gerir ráð fyrir breytingu á skipulagsmörkum og lóðarmörkum raðhúslóðarinnar Lyngholt 19.

Engar athugasemdir bærust. Tillagan skoðast því samþykkt sem óveruleg breyting ofangreindra deiliskipulagsáætlana.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr.1182/2022.

13.3 2405221 - Álftanes 1 jarðhiti - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram umsókn Veitna ehf um framkvæmdaleyfi fyrir 6 borholum til rannsóknar á jarðhita á Álftanesi, ásamt því að hreinsa og dýpka eldri holur. Fyrir hönd Garðabæjar veitir skipulagsstjóri leyfi fyrir borunum, hreinsun og dýpkun á holum í landi í eigu sveitarfélagsins. Þar sem að borholur eru í einkalandi skal leyfi landeiganda liggja fyrir. Skipulagsstjóri veitir framkvæmdaleyfi fyrir borunum í samræmi við 13. gr.

skipulagslaga nr. 123/2010 með þeim fyrirvara að leyfi landeiganda liggi fyrir. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

- 13.4 2405218 - Sviðholtsvör 1 skjólveggir - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn um útfærslu girðinga á lóðarmörkum sem snúa að landi Garðabæjar (götur).

Skipulagsstjóri vísar málinu til skoðunar hjá skipulagsnefnd Garðabæjar.

- 13.5 2404541 - Hólmatún 15 - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn til umhverfissviðs um að byggja 1,5 m háa girðingu við Hólmatún 15, sem snýr að bæjarlandi Garðabæjar. Með vísan í samþykktir Garðabæjar um veggir og girðingar gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við útfærslu girðinga á lóðarmörkum að opnu svæði í eigu Garðabæjar.

- 13.6 2405070 - Gullakur 1 - Tilkynningarskyld framkvæmd - Pergola

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn um staðsetningu smáhýsis innan lóðar Gullakurs 1. Samkvæmt teikningum er smáhýsið 8,75 m², 2,5 m á hæð og er staðsett 1,6 m frá lóðarmörkum aðliggjandi lóðar (Garðabæ).

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við staðsetningu og stærð smáhýsis, meðan útfærsla þess er í samræmi við innsendar teikningar.

- 13.7 2405130 - Rjúpnahæð 12 - fyrirspurn til skipulas ósk um deilsiskipulagsbreytingu

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn um fjölgun íbúða við Rjúpnahæð 12. Með vísan í eldri fyrirspurnir sama eðlis, um fjölgun íbúða í einbýlishúsum í Garðabæ, er afar ólíklegt að skipulagsnefnd fallist á að vísa umsókn um deiliskipulagsbreytingu sem gerir ráð fyrir fjölgun íbúða í einbýlishúsahverfi í ferli.

- 13.8 2405245 - Dyngjugata 18 - Steypa bílastæði - Fyrirspurn til tækni- og umhverfissviðs

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn lóðarhafa við Dyngjugötu 18 um útfærslu á steypu bílastæði sem gerir ráð fyrir meðhöndlun ofanvatns innan lóðar. Ákvæði um gegndræpt yfirborð bílastæða er sett fram í kafla 4.4.1.7 í deiliskipulagi norðurhluta Urriðaholts 2. áfangi. Með vísan í afgreiðslu sambærilegra umsókna gerir skipulagsstjóri ekki athugasemd við að vikið verði frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað útfærslu á bílastæði varðar, svo lengi sem að ofanvatni frá bílastæði sé veitt í þar til gerðan móttaka innan lóðar.

13.9 2404296 - Tinnuvellir 11 - Umsókn um byggingarleyfi

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lagðir fram aðaluppdrættir fyrir Tinnuvelli 11 ásamt umsögn deiliskipulagshöfundar dags. 29.04.24.

Samkvæmt skipulagi er byggingarreitur 30x13 m og má á aðaluppdráttum sjá að bygging er 30 cm lengri en sem nemur lengd á byggingarreit.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað ofangreinda lengd byggingar varðar.

Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

13.10 2403415 - Útholt 1 og 3 - Breyttir hæðarpunktar

Niðurstaða Afgreiðslufundir skipulagsstjóra - 5

Lögð fram fyrirspurn hönnuðar fyrir hönd lóðarhafa um það hvort samþykkt verði að gólfhæð hússins Útholt 1 verði 30 cm hærri en gólfkóti samkvæmt hæðarblaði og hússins Útholt 3 20 cm hærri. Heildarhæð húss eins og drög að aðaluppdráttum gerir ráð fyrir er vel undir hámarkshæð samkvæmt deiliskipulagi.

Skipulagsstjóri gerir ekki athugasemd við að við veitingu byggingarleyfis verði vikið frá kröfum 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 sbr. 3. mgr. sömu greinar hvað gólfkóta húsanna varðar eins fram kemur í fyrirspurn og meðan að heildarhæð húss er vel undir leyfilegri hámarkshæð samkvæmt deiliskipulagi. Um ákvörðun skipulagsstjóra vísast til viðauka II við samþykkt um stjórn Garðabæjar nr. 1182/2022.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Ungmennaráð Garðabæjar

4. fundur 2024

Þriðjudaginn 7. maí 2024 kl. 15:00 kom ungmennaráð Garðabæjar saman til fundar í Garðabæ.

Fundinn sátu: Valgerður Eyja Eyþórsdóttir, Íris Lind Steinþórsdóttir, Anna Kristín Elmarsdóttir, Heiða Bríet Andradóttir, Emilía Ósk Hauksdóttir, María Draumey Kjærnested, Freyja Huginsdóttir, Ester Helga Helgadóttir, Daníel Pétursson og Tómas Þór Jacobsen.

Fundargerð ritaði: Tómas Þór Jacobsen, forstöðumaður Klakans.

Einnig sat fundinn Una Kristjana Hannesdóttir.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2401576 - Ungmennahús

a. Hvaða starfsemi ætti að vera í ungmennahúsi?

i. Aðskilin rými

1. Aðstaða til þess að læra, bæði einstaklings og fyrir hópavinnu

2. Aðstaða til að vera með vinum

ii. Leikir og spil

iii. Kósý aðstaða

1. Sófar

iv. Hátalari

v. Örbylgjuofn / lítil eldhús aðstaða

vi. Klúbbastarf

vii. Tölvur

viii. Prentari

ix. Starfsfólk sem getur aðstoðað ungmenni við t.d. Heimalærdóm

x. Tónlistaraðstaða / aðstaða til að troða upp

xi. Baðherbergi

xii. Allskonar litlir hlutir?

1. Reiknivélar

2. Hleðslutæki

xiii. Sjónvarp

b. Hvað væri lágmarksaðstaða sem þyrfti að koma upp til að opna ungmennahús?

i. Baðherbergi

ii. Aðskilin rými, tvö rými

iii. Sófar

iv. Borð

v. Stólar

vi. Innstungur

vii. Einn starfsmann í hlutastarfi, Berglind forvarnarfulltrúi er til í að starfa í ungmennahúsinu til að byrja með

viii. Borðspil, spilastokkar

c. Hvar gæti ungmennahúsið verið?

i. Heppileg staðsetning, s.s. Nálægt miðbæ, FG, tónlistarskóla o.s.frv.

ii. Eitthvað húsnæði í bænum sem raunhæft væri að gera að ungmennahúsi. Þar þarf að hafa ýmislegt í huga. Er húsið í eigu bæjarins? Þarf að leigja? Hver yrði kostnaðurinn?

1. Miðgarður

a. Ef strætó gengur lengur / aðgengi betra

2. Grósku salur

3. FG

a. Nefndarherbergin niðri?

2. 2401576 - Fyrirkomulag funda ungmennaráðs.

Allir fulltrúar fá dagskrá fundar senda einum/tveimur dögum fyrir fund. Öllum fulltrúum er skylt að upplýsa sig um dagskrá fundar og undirbúa sig áður en þeir mæta á fundinn.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Velferðarráð Garðabæjar
5. fundur 2024

Miðvikudaginn 15. maí 2024 kl. 16:00 kom velferðarráð Garðabæjar saman til fundar í ráðhúsi Garðabæjar við Garðatorg.

Fundinn sátu: Gunnar Valur Gíslason formaður, María Guðjónsdóttir aðalmaður, Þorbjörg Þorvaldsdóttir aðalmaður, Tamar Klara Lipka Þormarsdóttir aðalmaður, Brynja Dan Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi, Vigdís Gunnarsdóttir varamaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Snædís Björnsdóttir verkefnastjóri.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2402425 - Endurskoðun á reglum Garðabæjar um styrki til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Drög að endurskoðuðum reglum um styrk til náms, verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks lagðar fram til kynningar.

2. 2301082 - Jafnréttisáætlun Garðabæjar 2024-2026

Áframhaldandi vinna við gerð aðgerðaáætlunar jafnréttisstefnu Garðabæjar fyrir árin 2024-2026.

Fleira ekki gert.

Undirritun á næstu síðu.

Öldungaráð 2. fundur 2024

Mánudaginn 13. maí 2024 kl. 08:00 kom öldungaráð saman til fundar í Búrfelli í Sveinatungu, Garðatorgi.

Fundinn sátu: Harpa Rós Gísladóttir aðalmaður, Eysteinn Haraldsson aðalmaður, Sveinbjörg Vilhjálmsdóttir aðalmaður, Laufey Jóhannsdóttir aðalmaður, Stefanía Magnúsdóttir aðalmaður, Ólafur J Proppé aðalmaður, Svanhildur Þengilsdóttir sviðsstjóri velferðarsviðs og Þóra Gunnarsdóttir forstöðumaður stuðnings- og öldrunarþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svanhildur Þengilsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs.

Gengið var til dagskrár og fyrir tekið:

1. 2301003 - Gott að eldast - aðgerðaáætlun

Kynning á verkefninu Gott að eldast. Berglind Magnúsdóttir, sérfræðingur hjá Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu situr fundinn, upplýsir um stöðu verkefnis og svarar fyrirspurnum fundarmanna.

2. 2307150 - Gjaldskrá aksturþjónustu eldri borgara í Garðabæ

Gjaldskrá aksturþjónustu eldri borgara í Garðabæ lögð fram til kynningar.

3. 1710101 - Stefna í málefnum eldri borgara - Aðgerðaáætlun

Farið yfir aðgerðaráætlun 2017-2020 og tillögur að nýrri aðgerðaráætlun fyrir 2024-2026 ræddar. Lagt til að þrír aðilar úr öldungaráði ásamt sviðsstjóra velferðarsviðs fari yfir endurskoðaðar aðgerðir fyrir næsta fund öldungaráðs.

Fleira ekki gert.
Undirritun á næstu síðu.

24. fundur Heilbrigðisnefndar Garðabæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness

Dagsetning: 27.5.2024

Fundartími: 17:30 – 19:00

Mætt til fundar:

Linda Hrönn Þórisdóttir formaður

Hannes Tryggvi Hafstein aðalmaður

Svanur Karl Grjetarsson aðalmaður

Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Bjarni Ingimarsson aðalmaður

Starfsmenn fundarins:

Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri

Ríkharður F. Friðriksson deildarstjóri mengunar

Árni Davíðsson deildarstjóri hollustuhátta

Katrín Huld Káradóttir deildarstjóri matvæla

Dagskrá fundarins:

1. Matsskyldu fyrirspurn vegna biktanka að Álhelli 34, Hafnarfirði
2. Deiliskipulag við Selmerkurveg - Mosfellsbæ
3. Coda Terminal, umhverfismatsskýrsla í kynningu
4. Loftgæðavöktun Norðurhelli í Hafnarfirði, samantekt 2023
5. Loftgæðavöktun Dalsmára í Kópavogi, samantekt 2023
6. Loftgæðavöktun Hörðuvallaskóla í Kópavogi, samantekt 2023
7. Loftgæðavöktun á Garðaholti, Garðabæ - samantekt 2023
8. Loftgæðavöktun Hvaleyrarholti, samantekt 2023
9. Formennska í heilbrigðisnefnd
10. Tónlistarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar
11. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 30. apríl 2024
12. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 8. maí 2024
13. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 14. maí 2024
14. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 22. maí 2024

1. Matsskyldu fyrirspurn vegna biktanka að Álhelli 34, Hafnarfirði

Heilbrigðiseftirlitið hefur fengið fyrirspurn frá Skipulagsstofnun um hvort aukið geymsla á biki hjá Malbikunarstöð Höfða að Álhelli 34 sé háð mati á umhverfisáhrifum.

Við geymslu á asfalti og flutningi þess geta komið upp vandamál vegna lyktarmengunar. Heilbrigðiseftirlitið leggur áherslu á að gera þurfi grein fyrir með hvaða hætti fyrirtækið ætlar að lágmarka loftmengun. Gildir það bæði um átöppun og geymslu. Starfsemi Malbikunarstöðvar Höfða er starfsleyfissskyld hjá Umhverfisstofnun á grundvelli laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

Heilbrigðisnefnd tekur undir ákvörðun heilbrigðiseftirlits um að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif og sé því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

2. Deiliskipulag við Selmerkurveg - Mosfellsbæ

Óskað er umsagnar á tillögu að deiliskipulagi fyrir landsvæðið Seldal við Selmerkurveg, landsnúmer L125331, sem er í landi Miðdals í Mosfellsbæ. Afmarkanir skipulagssvæðisins eru Selmerkurvegur (afleggjari af Nesjavallaleið) ásamt aðliggjandi lóðum til norðurs, austurs, og suðurs.

Hluti svæðisins liggur á verndarsvæði vatnsbóla höfuðborgarsvæðisins, öryggissvæði vegna grunnvatns. Vakin er athygli á að allar framkvæmdir og mannvirkjagerð á öryggissvæði vatnsverndar er háð starfsleyfi heilbrigðisnefndar áður en framkvæmdir hefjast sbr. 59. gr. samþykktar um verndarsvæði vatnsbóla nr. 555/2015 og öll starfsemi sem hefur í för með sér mengun er óheimil.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við auglýsta deiliskipulagsbreytingu, en vekur athygli á að sækja þarf um leyfi heilbrigðisnefndar við gerð vega, lagningu á bundnu slitlagi og afla þarf leyfis heilbrigðisnefndar við alla mannvirkjagerð þ.m.t. frágang á fráveitu og rotþró.

3. Coda Terminal, umhverfismatsskýrsla í kynningu

Coda Terminal hf. hefur lagt fram umhverfismatsskýrslu vegna móttöku og geymslustöð fyrir koldíoxíð í Straumsvík. Framkvæmdin felst í niðurdælingu og varanlegri bindingu CO₂ í bergi. Fullbyggð mun Coda Terminal dæla niður allt að þremur milljónum tonna af CO₂ árlega.

Heilbrigðisnefnd er falið að gera umsögn þar sem fram á að koma hvort nefndin hafi athugasemdir við umfjöllun í skýrslunni út frá starfssviði heilbrigðisnefndar, svo sem um gögn sem byggt er, úrvinnslu gagna, mat á vægi og eðli umhverfisáhrifa eða framsetningu umhverfismatsskýrslu. Einnig ef við á, hvort geri þurfi frekari skil eða hafa í huga við leyfisveitingar, sérstakar mótvægisáðgerðir og vöktun. Carbfix verður með opinn kynningarfund um umhverfismat Coda Terminal fimmtudaginn 30. maí kl. 1730. Frestur til að skila inn umsögnum rennur út 5. júlí n.k.

Lagt fram til kynningar.

4. Loftgæðavöktun Norðurhelli í Hafnarfirði, samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöð staðsettri á Norðurhelli í Hafnarfirði. Mælipættir í lofti eru: Svifryk, PM₁₀ og PM_{2,5}, nitroxíð (NO, NO₂, NO_x), brennisteinstvíoxíð (SO₂) og brennisteinsvetni (H₂S). Unnið er úr mæligögn um sem safnað er í stöðinni á Norðurhelli.

Meðalhiti ársins á Norðurhelli mældist 4,9°C, meðalvindhraði mældist 3,1 m/s og algengustu áttir voru suðaustlægar. Veðurfar ársins 2023 var að mestu sæmlegt. Það var í heild lítillaga í svara lagi en hægviðrasamt, þurrt og snjólétt. Ársmeðaltal PM₁₀ var 8,8 µg/m³ og PM_{2,5} 4,7 µg/m³. Niðurstöður árið 2023 fyrir PM₁₀ og PM_{2,5} eru hærri en áður hafa mælst. Hæsta meðalgildi dags var PM₁₀ 59 µg/m³ þ. 3.5. sem var eini dagurinn sem mældist yfir heilsuverndarmörkum (50 µg/m³). Hæsta stundargildi gerði á nýjársnótt strax eftir miðnætti, 403 µg/m³ en næstu þrjú hæstu gildin þar á eftir voru öll frá 3.5. Ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO₂) á mælistöðinni var 1,1 µg SO₂/m³ og er í meðallagi fyrir Norðurhelli en gildi þar eru að jafnaði ekki há. Gróðurverndarmörk árs eru 20 µg SO₂/m³. Hæsta meðaltal dags þ. 27.7. mældist 17 µg SO₂/m³ og er vel undir heilsuverndarmörkum (125 µg/m³) og mátti rekja til gossins við Litla-Hrút. Ársmeðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H₂S) á mælistöðinni var 2,6 µg H₂S/m³, sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H₂S/m³) en hefur aldrei mælst hærra á stöðinni. Ástæðan er algengi austanátta, sem voru allt að þriðjungu til helmingi algengari árið 2023 en næstu ár á undan. Ársmeðaltal niturtvíoxíðs (NO₂) á mælistöðinni var 6,0 µg NO₂/m³ og svipað og árið á undan og telst í meðallagi. Ársmeðaltal nituroxíða (NO_x) á mælistöðinni var 7,8 µg NO_x/m³. Meðaltal ársins er vel undir gróðurverndarmörkum (30 µg/m³). Svifryk og brennisteinsvetni voru með hæsta móti á árinu 2023 og má rekja það til veðurlags, þurrar, kaldrar veðráttu sem var tiltölulega hægviðrasöm með algengum austanáttum. Brennisteinstvíoxíð og nituroxíð voru í meðallagi, þrátt fyrir gos í júlí og að umferð væri með mesta móti höfuðborgarsvæðinu. Mælingar á árinu fónu ekki yfir umhverfismörk sem sett eru eða eru innan leyfðra frávika.



Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr loftgæðastöðinni við Norðurhelli nú í nokkur ár og er mikilvægt að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um þróun loftgæða á svæðinu.

5. Loftgæðavöktun Dalsmára í Kópavogi, samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöðinni í Dalsmára. Teknar eru saman niðurstöður mælinga í lofti og eru eftirfarandi mælipættir skoðaðir, svifryk, PM1, PM2,5, PM4 PM10 og heildaryrk, nituroxíð (NO, NO2, NOX), brennisteinstvíoxíð (SO2) og brennisteinsvetni (H2S). Veðurfar ársins 2023 var að mestu sæmilegt. Það var í heild lítillega í svalara lagi en hægviðrasamt, þurrt og snjólétt. Árið var tiltölulega þurrt og var úrkoma undir meðallagi um mest allt land. Það voru nokkur þurr tímabil á árinu, t.d. í mars og í júlí. Þó var óvenju þungbúið og blautt á sunnan- og vestanverðu landinu í maí og júní. Meðaltal svifryks voru lítilla umfram meðaltal, en hæsta meðalgildi dags var 10. júlí, þ.e. PM2,5 mældist 46 µg/m3 og reyndist það vera tilkomið vegna framkvæmda á malarplani vestan við mælistöðina. Hæsta stundargildi PM2,5 mældist hins vegar gríðarhátt þ. 1.1. á nýjárnsnótt strax eftir miðnætti, 567 µg/m3 í norðnorðaustan golu. Einnig mældust mjög há stundargildi á síðastliðnu gamlárskvöldi frá níu um kvöldið til miðnættis. Alls mældust 28 stundir af PM2,5 yfir 50 µg/m3 og er umfram meðallag. Ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO2) á mælistöðinni var 1,2 µg SO2/m3 og telst í hærra lagi á þessari mælistöð, þó það sé mun lægra en árið 2021, þegar mengunar gætti verulega frá gosi í Meradölum. Ársmeðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H2S) á mælistöðinni var 3,1 µg H2S/m3, sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H2S/m3). Niðurstaðan er sú næsthæsta sem hefur mælst á stöðinni. Ársmeðaltal niturtvíoxíðs (NO2) á mælistöðinni var 10,2 µg NO2/m3 sem er í meðallagi og svipað og árið á undan. Nituroxíðmengun er mjög tengd umferð og umferð var með mesta móti á árinu. Samantekið þá voru breytingar frá fyrra ári til hækkunar á meðaltölum svifryks og brennisteinstvíoxíðs og má líklega rekja það til þurrviðra, hægviðra og umferðar. Svifryk og brennisteinstvíoxíð voru í rúmu meðallagi miðað við lengri tíma. Brennisteinsvetni var með hærri móti. Umferð varð með mesta móti á árinu 2023 og styrkur nituroxíða mældist hár í byrjun og lok ársins, en var engu að síður í meðallagi yfir árið í heild. Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru eða voru innan leyfðra frávika.

Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Teknar hafa verið saman niðurstöður úr loftgæðastöðinni við Dalsmára nú í nokkur ár og er mikilvægt að nákvæmar upplýsingar liggi fyrir um þróun loftgæða á svæðinu.

6. Loftgæðavöktun Hörðuvallaskóla í Kópavogi, samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöð staðsettri við Hörðuvallaskóla í Kópavogi. Loftgæðastöðin við Hörðuvallaskóla er ný loftgæðastöð í rekstri heilbrigðiseftirlitsins og hófust mælingar þar um mitt ár 2023.

Helstu niðurstöður urðu þær að meðaltal svifryks PM10 var 9,5 µg/m3 fyrir tímabilið jún-des 2023 og PM2,5 mældist 3,1 µg/m3, mælingar gerðar með leysiagnatalningu. Hæsta PM10 dagsgildið mældist 83 µg/m3 þ. 2.11. í norðaustan logni og fimm dagar fara yfir sólarhringsheilsuverndarmörk PM10 (50 µg/m3), sem er innan leyfilegs fjölda (7 dagar) frávika. Fjórir af þessum fimm dögum urðu í nóvemberbyrjun, í hægu og þurru veðri. Hæsta PM10 stundargildið mældist 370 µg/m3 þ. 24.6. kl.15 í mjög skammvinnnum ryktoppi af grófu ryki í hægum suðsuðaustan andvara. Meðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO2) á mælistöðinni var 1,0 µg SO2/m3 og telst eðlilegt fyrir stöð á höfuðborgarsvæðinu þar sem SO2 gildi eru yfirleitt ekki ýkja há, gjarnan þó um eða yfir 1 µg/m3. Toppa í seinni hluta júlí má líklega rekja til gossins við Litla[1]Hrút. Gróðurverndarmörk árs eru 20 µg SO2/m3. Hæsta meðaltal dags þ. 23.7. mældist 12 µg SO2/m3 og langt undir heilsuverndarmörkum (125 µg/m3) og má væntanlega rekja til gossins, þó vindátt væri hæg 2 vestlæg til norðlæg átt. Meðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H2S) á mælistöðinni var 4,6 µg H2S/m3, sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5

Handwritten signatures and initials:
B.L.
Sth

$\mu\text{g H}_2\text{S}/\text{m}^3$). Gilt metið mælitímabil var stutt og ekki hægt að draga miklar ályktanir af niðurstöðunum. Meðaltal nituroxíða (NOX) á mælistöðinni var $4,6 \mu\text{g NOX}/\text{m}^3$, sem má teljast lágt. Meðaltalið er vel undir gróðurverndarmörkum ($30 \mu\text{g}/\text{m}^3$). Hæsta meðaltal dags mældist $44 \mu\text{g NOX}/\text{m}^3$ þ. 29.12. Hæsta meðaltal klukkustundar var $166 \mu\text{g NOX}/\text{m}^3$ sama dag kl.16. Heildarsamantekt frá mælistöðinni við Hörðuvallaskóla eiga sumt sameiginlegt með mælingum í Dalsmára, Hvaleyrarholti og Norðurhelli. Þessar stöðvar eru staðsettar í eða ekki langt frá íbúabyggð, ekki alveg við meginumferðaræðar, en þær eru ekki mjög langt undan. Stærri iðnaðaruppsprettur loftmengunar eru nær Norðurhelli og Hvaleyrarholti, en sú mengun er ekki ráðandi á þeim stöðvum vegna þess hvernig algengustu vindáttir liggja. Á stöðvunum er blæbrigðamunur og vegna staðsetningar Hörðuvallastöðvarinnar mætti gera ráð fyrir lægri tölum en á hinum þremur, nema í tilfelli H_2S , þar sem stöðin liggur nær meginuppsprettum. Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru eða voru innan leyfðra frávika.

Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að þessi loftgæðastöð er ný og að mikilvægt sé að efla loftgæðamælingar á svæði nefndarinnar.

7. Loftgæðavöktun á Garðaholti, Garðabæ - samantekt 2023


Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöð staðsettri á Garðaholti í Garðabæ. Loftgæðastöðin við Garðaholt er ný færanleg loftgæðastöð í rekstri heilbrigðiseftirlitsins og hófust mælingar þar í september 2023.

Meðalhiti á Garðaholti á mælitímabilinu frá miðjum ágúst til loka árs mældist $5,2^\circ\text{C}$ og meðalvindhraði mældist $2,9 \text{ m/s}$. Í vindrósi á Garðaholti á þessu tímabili eru austanáttir langalgengastar en vindrósin gefur varla góða mynd af vindrósi alls ársins. Mælipættir í stöðinni í Garðaholti eru Svifryk, PM_{10} , $\text{PM}_{2,5}$, PM_4 , PM_{10} og heildarryk, brennisteins tvíoxíð (SO_2) og brennisteinsvetni (H_2S). Unnið er úr mæligögnum sem safnað er í stöð á Garðaholti. Gögn eru 10 mín. meðaltöl og unnin yfir í meðaltöl klukkustundar og dags. Meðaltal PM_{10} svifryks 2023 var ekki mjög hátt, $9,9 \mu\text{g}/\text{m}^3$ fyrir mælingu með leysiagnatalningu. Þetta er þó heldur ekki sérstaklega lágt ef horft er til þess að stöðin má teljast bakgrunns mælistöð fyrir þéttbýli borgarsvæðisins í kring. Meðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO_2) á mælistöðinni var $1,1 \mu\text{g SO}_2/\text{m}^3$ og er nokkru hærra en meðaltal á Norðurhelli á sama tíma. Gróðurverndarmörk árs eru $20 \mu\text{g SO}_2/\text{m}^3$. Hæsta meðaltal dags þ. 16.12. mældist $9 \mu\text{g SO}_2/\text{m}^3$ og langt undir heilsuverndarmörkum ($125 \mu\text{g}/\text{m}^3$) í suðvestan stinningsgolu. Meðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H_2S) á mælistöðinni var $4,1 \mu\text{g H}_2\text{S}/\text{m}^3$, sem er undir ársheilsuverndarmörkum ($5 \mu\text{g H}_2\text{S}/\text{m}^3$). Niðurstaðan er svipuð og á Norðurhelli á sama tímabili. Stöðin er ný og ekki hægt að meta niðurstöður m.t.t. fyrri ára. Stöðin er áhugaverð sem bakgrunnsstöð í þéttbýli og fyrir það hversu vel hún veit við stórum hluta höfuðborgarsvæðisins. Mælingar á árinu fóru ekki yfir umhverfismörk sem sett eru eða voru innan leyfðra frávika.

Heilbrigðisnefnd þakkar samantektina og vekur athygli á að hægt er að nálgast skýrslurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins. Heilbrigðisnefnd vekur athygli á að þessi loftgæðastöð er ný og að mikilvægt sé að efla loftgæðamælingar á svæði nefndarinnar.

8. Loftgæðavöktun Hvaleyrarholti, samantekt 2023

Lagt fram til kynningar samantekt loftgæðavöktunar frá loftgæðastöðvum staðsettum á Hvaleyrarholti og við Lónakot í Hafnarfirði. Mælipættir í lofti eru: Svifryk, PM_{10} og $\text{PM}_{2,5}$, nituroxíð (NO, NO_2 , NOX), brennisteinstvíoxíð (SO_2), brennisteinsvetni (H_2S) og flúoríð (F gask. og F í ryki). Unnið er úr mæligögnum sem safnað er á stöðvum ISAL og Umhverfisstofnunar á Hvaleyrarholti og við Lónakot. Meðalhiti ársins á Hvaleyrarholti mældist $7,4^\circ\text{C}$, meðalvindhraði í Straumsvík mældist $5,1 \text{ m/s}$ og algengustu áttir voru suðlægar og austlægar áttir. Suðvestanáttir eru óalgengar en árið 2023 var tíðni þeirra ráðandi um 17% tímans, sem er lítilleg hækkun frá síðasta ári. Veðurfar ársins 2023 var að mestu

 B.I.
SKH

hagstætt. Það var hægviðrasamt, þurrt, snjólétt og illviðri tiltölulega fátíð. Ryk árið 2023 var með hærra móti miðað við undanfarin ár, en ársmeðaltal PM_{2,5} var 4,4 µg/m³. Hæsta meðalgildi dags var PM_{2,5} 20,1 µg/m³ þ. 8.11 í austan golu en það er undir heilsuverndarmörkum (50 µg/m³). Hæsta stundargildi mældist PM_{2,5} 267,9 µg/m³ þ. 1.1 á miðnætti í norðan stinningskalda. Þrjú næsthæstu gildi ársins mældust á síðustu klukkutímum ársins og voru öll af völdum flugelda. Ársmeðaltal brennisteinstvíoxíðs (SO₂) á Hvaleyrarholti var 1,7 µg SO₂/m³ og er það aðeins yfir meðallagi miðað við undanfarin ár. Gróðurverndarmörk árs eru 20 µg SO₂/m³. Hæsta meðaltal dags mældist 18,1 µg SO₂/m³ þ. 21.11 í suðvestan stinningskalda og er langt undir heilsuverndarmörkum (125 µg/m³). Ársmeðaltal loftkennds brennisteinsvetnis (H₂S) á Hvaleyrarholti var 3,4 µg H₂S/m³, sem er undir ársheilsuverndarmörkum (5 µg H₂S/m³). Í tilvikum H₂S koma hæstu styrkir fram í austanáttum og jafnframt mælist langmestur hluti H₂S einnig í austanáttum og er uppruni þess jarðhitasvæði Reykvíkinga á Hengilssvæðinu og Hellisheiði. Meðaltöl ársins fyrir flúor voru svipuð og undanfarin ár. Meðaltalið fyrir gaskennan flúor, reiknaðan sem HF, var 0,03 µg HF/m³ á vaxtartímabili gróðurs 1.4-30.9 og er það undir gróðurverndarmörkunum 0,3 µg HF/m³. Tvö eldgos á Reykjanesi kunna að hafa haft áhrif á flúor mælingar á árinu. Ársmeðaltal niturtvíoxíðs (NO₂) á Hvaleyrarholti var 5,8 µg NO₂/m³ og er það í hærra lagi miðað við undanfarin ár. Hæsta meðaltal dags mældist 47,8 µg NO₂/m³ þ. 5.1 í sunnan kuli og frosti, og er það undir heilsuverndarmörkum fyrir sólarhring (75 µg/m³). Í heild voru mælingar ársins 2023 í hærra lagi og hækkuðu allir mælþættir á milli ára. Mögulega hafa eldgos á Reykjanesi haft einhver áhrif þar á en einnig hefur umferð aukist mikið eftir Covid-faraldurinn.

Heilbrigðisnefnd þakkar kynninguna, en mælingar á Hvaleyrarholti eru hluti af umhverfissvöktun Rio Tinto á Íslandi (ISAL) og eru unnar af Efnagreiningum Hafrannsóknarstofnunar fyrir ISAL. Á samráðsfundi ISAL, Umhverfisstofnunar og Heilbrigðiseftirlits sem haldin var 14. maí sl. kom fram að óvissa væri um rekstur loftgæðastöðvarinnar þar sem UST ætla að draga sig út úr rekstri hennar. Samkvæmt vöktunaráætlun í starfsleyfi ISAL eru mælþættir sem ISAL sér um flúor og brennisteinsdíoxíði. Heilbrigðisnefnd leggur áherslu á mikilvægi loftgæðamælinga í nágrenni álversins og að ekki verði dregið úr mælingum frá því sem nú er.

9. Formennska í heilbrigðisnefnd


Samkvæmt samþykktum um heilbrigðiseftirlit fyrir Garðabæ, Hafnarfjörð, Kópavog, Mosfellsbæ og Seltjarnarnes, skulu formaður og varaformaður nefndarinnar kosnir til tveggja ára í senn og skiptast á milli Hafnarfjarðar og Kópavogs.

Linda Hrönn Þórisdóttir fulltrúi Hafnarfjarðabæjar hefur gengt stöðu formanns undanfarin ár en samkvæmt samþykktum mun því Svanur Karl Grjetarsson taka við formennsku frá og með 1. júní 2024. Heilbrigðisnefnd þakkar Lindu Hrönn fyrir formenskuna á liðnum árum og óskar Svani Karli velfamaðar sem formaður heilbrigðisnefndar.

10. Tónlistarhátíðin Hjarta Hafnarfjarðar

Á afgreiðslufundi heilbrigðiseftirlitsins 22. maí sl. var tekið fyrir umsókn um starfsleyfi fyrir tónlistarhátíðina, Hjarta Hafnarfjarðar, og var starfsleyfið samþykkt. Tónlistarhátíðin stendur yfir frá 27.06.2024 til 04.08.2024.

Heilbrigðiseftirlitinu barst kvörtun frá húsfélagi Norðurbakka 1-3 en Norðurbakki 1-3 stendur um 60 metra frá fyrirhuguðu tónleikatjaldi. Í starfsleyfi fyrir hátíðina sumarið 2023 fór heilbrigðiseftirlitið fram á að gerðar yrðu hljóðmælingar, þar sem mælt yrði hljóðstig við Norðurbakkann. Heilbrigðiseftirlitið hefur skoðað niðurstöður þeirra mælinga og er jafngildishljóðstig (LAeq) innan við mörk sem gilda sem fram koma í reglugerð um hávaða nr. 724/2008, þ.e. 47.4 LAeq. Samkvæmt reglugerðinni eru mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi á verslunar-, þjónustu- og miðsvæðum á tímabilinu frá kl. 7-23, 55 LAeq. Forsvarsmönnum hátíðarinnar er þó gert skylt að gera allt sem í valdi þeirra til að koma í veg fyrir ónæði

 B-I
SKH

af völdum hávaða og er opnunartími í samræmi við reglugerðina þ.e. til 2300. Hreinlæti og gæsla hefur verið til fyrirmyndar á hátíðinni.

Heilbrigðisnefnd gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu heilbrigðiseftirlits varðandi starfsleyfi og umsagnir um tækifærisleyfi vegna hátíðarinnar.

11. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 30. apríl 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkt nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.

12. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 8. maí 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkt nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.

13. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 14. maí 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkt nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.


14. Afgreiðslufundur heilbrigðiseftirlits 22. maí 2024

Lagt fram til kynningar, afgreidd starfsleyfi í samræmi við 6. gr. samþykkt nr. 195/2022 um heilbrigðiseftirlit HEF, þar sem framkvæmdastjóra er falinn útgáfa starfsleyfa með vísan til 48. gr. laga nr. 7/1998. Jafnframt eru lagðar fram upplýsingar um afgreiðslu á skráningarskyldum atvinnurekstri og umsagnir sem borist hafa heilbrigðiseftirlitinu varðandi rekstrarleyfi.


Undirskrift fundargerðar




Linda Hönn Þórisdóttir formaður



Svanur Karl Grjetarsson aðalmaður



Bjarni Ingimarsson aðalmaður



Hannes Trygvi Hafstein aðalmaður



Gnýr Guðmundsson aðalmaður

Fundargerð

**260. fundur stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins haldinn í slökkvistöðinni í Skútahrauni 6,
föstudaginn 19. apríl 2024, kl. 09:00.**

Fundinn sátu:

Einar Þorsteinsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Regína Ásvaldsdóttir, Jón Viðar Matthíasson og Ingveldur Lára Þórðardóttir.

Fundargerð ritaði: Ingveldur Lára Þórðardóttir, skrifstofustjóri.

1. Nýjar körfubífreiðar - 2404011

Formleg móttaka tveggja nýrra körfubífreiða SHS.

2. Önnur mál - 2401014

Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 10:00.

Einar Þorsteinsson

Rósa Guðbjartsdóttir

Almar Guðmundsson

Ásdís Kristjánsdóttir

Þór Sigurgeirsson

Regína Ásvaldsdóttir

FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

394. fundur

Föstudaginn 17. maí 2024 var haldinn fundur í stjórn Strætó bs. í bæjarstórasalnum að Hálsabraut 2, Kópavogi og hófst hann kl. 7:30.

Mætt voru:

Magnús Örn Guðmundsson (GÖG), Andri Steinn Hilmarsson (ASH), Lovísa Jónsdóttir (LJ), Kristín Thoroddsen (KT), Hrannar Bragi Eyjólfsen (HBE) og Dóra Björt Guðjónsdóttir (DBG).

Fundinn sat einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð og Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri.

Dagskrá stjórnarfundar:

1. Árshlutauppgjör jan til mar 2024
2. Stefnur Strætó
3. Gjaldskrármál
4. Sölutölur jan til apríl og fjöldi notenda
5. Fjármál, rekstrarleyfi og vagnastaða hjá Strætó
6. Félagafarm Strætó
7. Kjarasamningar
8. Fjarfundir
9. Leiðarkerfi í Hafnarfirði
10. Útboðsmál – staðan

Tekið fyrir:

1. Árshlutauppgjör jan til mars 2024

Elísa Kristmannsdóttir, fjármálastjóri fór yfir árshlutauppgjörið. Hagnaður fyrstu þrjá mánuði var 191 m.kr. Fargjöld eru lítillega að aukast sem og innstig. Aukning í sölu farmiðla aldraðra og öryrkja skýrir hækkun umfram samþykkt rekstrarframlag frá eigendum. Rekstrargjöld hækka um 4% milli tímabila, þar af hækkar launakostnaður mest eða um 7%. Rekstur vagna og aðkeyptur akstur hækkar um 2%, þar af hækkar aðkeyptur akstur um 5% sem er í samræmi við hækkun verðlags. Viðhaldskostnaður lækkar nokkuð milli tímabila sem skýrist af því að óvenjuhár viðhaldskostnaður var á fyrsta ársfjórðungi 2023, er skipta þurfti um nokkrar vélar í vögnum. Eldsneyti lækkar um 7% á milli tímabila. Handbært fé er mjög lágt og hefur sjóðstaða farið hættulega nálægt núlli í janúar og febrúar. Eigið fé neikvætt um 174 m.kr. Ný lokið er aksturútboði, en akstur skv. því hefst í ágúst 2024. Um er að ræða sambærilegt magn og hefur verið í útboði. Verð hafa hækkað sem endurspeglar kostnaðarverðshækkanir og er umfram áætlun ársins 2024. Stjórn og stjórnenda bíða það verkefni að fjármagna aukin kostnað og er fyrirhugað að hafa vinnufund á næstu vikum.

2. Stefnur Strætó

Lagt fram stefnur Strætó. Framhaldsumræða verður á næsta stjórnarfundi.

3. Gjaldskrármál

Samkvæmt gjaldskrárstefnu Strætó hækkar gjaldskrár tvisvar á ári í samræmi við hækkun vísitölu. Gert er ráð fyrir að 1. júlí hækki gjaldskrá.

4. Sölutölur jan-apríl og fjöldi notenda

Farið yfir tekjur af farþegum fyrir janúar til apríl 2024. Sala er tæp 3% undir áætlun, en sala á árskortum er undir áætlun. Helstu sölumánuðir árskorta eru í ágúst og september, en þróunin virðist þó vera í þá átt að viðskiptavinir kaup frekar styttri tímabil. Farið yfir staðgreiðslu og innbrot í bauka og kostnað við að lagfæra þá.

5. Fjármál, rekstrarleyfi og vagnastaða hjá Strætó

Framkvæmdastjóri fór yfir minnisblað sem lagt var fyrir fundinn. Fjárhagsstaða Strætó er þung, vagnar eldast og rekstrarkostnaður þeirra hækkar. Vanfjármögnun Strætó í gegnum árin og bæting tekna vegna Covid hafa dregið úr tækifærum Strætó til þjónustubóta og staðið í vegi fyrir eðlilegri endurnýjun vagnaflotans og orkuskiptum. Mikilvægt er að sem fyrst verði fundinn lausn á fjárhagsskipan Strætó. Tekjumódel Strætó þarf að skoða nánar og eru nokkrir tekjuliðir sem hafa ekki hækkað til samræmis við hækkan vísitölu, má þar helst nefna framlag ríkisins til eflingar almenningssamgangna og framlag vegna nemakorta. Er þar mikil halli á og væri ríkisframlagið um helmingi hærra ef það héldi verðgildi sínu frá 2012 og því uppsafnað nokkur hundruð milljónir króna. Nemaframlagið væri tvöfalt hærra ef það héldi raunvirði frá því það var tekið upp. Frekari umræður um fjárhagsskipan og tillögur til lausnar verða teknar fyrir á vinnufundi stjórnar.

Vinna við undirbúning endurnýjunar rekstrarleyfis er í fullum gangi hjá Samgöngustofu og Innviðaráðaneytinu.

Stjórn Strætó leggur ríka áherslu á að úr þessu verði bætt og að þessu verði hugað í samningaviðræðum um rekstrarfyrirkomulag til framtíðar svo markmið um notkun almenningssamgangna nái fram að ganga.

6. Félagsform Strætó

Stjórnin heimilar framkvæmdastjóra að athuga hvort samlegðaráhrif séu með vinnu sem er að hefjast hjá Sorpu, varðandi hentugt félagsform á byggðasamlögum.

7. Kjarasamningar

Framkvæmdastjóri lagði til að fela Sambandi íslenskra sveitarfélaga fullnaðarumboð til kjarasamningagerðar fyrir hönd Strætó við þau stéttarfélög sem hafa samning við Strætó.

Stjórn Strætó samþykkir framlagða tillögu og felur framkvæmdastjóra að ganga frá samningi við Samband íslenskrar sveitarfélaga.

8. Fjarfundir

Umræður um fjarfundi og verður þeirri umræðu áframhaldið.

9. Leiðakerfi í Hafnarfirði

Fulltrúi Hafnarfjarðar í stjórn Strætó KT, óskaði eftir því að kannað yrði hvernig hægt væri að bæta þjónustu almenningssamgangna út á iðnaðarsvæðið á Völlunum. Í dag er þjónustan í formi pöntunarþjónustu.

10. Útboðsmál - staðan

Framkvæmdastjóri upplýsti að tilkynnt var til bjóðanda að tilboði lægstbjóðanda væri samþykkt og samningar þar með komnir á.

11. Önnur mál

Í upphafi fundar var lögð fram tvö bréf frá forsætisnefnd Reykjavíkurborgar þar sem tilkynnt var að Dóra Björt Guðjónsdóttir hefði verið kosin aðalmaður í stjórn Strætó og Alexandra Briem kosin varamaður. Framkvæmdastjóra var falið að tilkynna um breytinguna til fyrirtækjaskrár RSK.

Andri Steinn Hilmarsson vék af fundi kl. 9:30.

Fundi slitið kl. 9:40

Fylgiskjöl: Árshlutauppgjör jan til mars 2024, kynning á árshlutareikningi,

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Hrannar B. Eyjólfsson

Andri Steinn Hilmarsson

Kristín Thoroddsen

Lovísa Jónsdóttir

Magnús Örn Guðmundsson



FUNDARGERÐ 497. FUNDAR STJÓRNAR SORPU

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, þriðjudaginn 7. maí 2024. Fundurinn er settur klukkan 07:35. Fundurinn er staðfundur að Köllunarklettsvegi 1, 104 Reykjavík, og fjarfundur.

Fundarstjóri: Valdimar Víðisson, formaður stjórnar.

Fundarritari: Gunnar Dofri Ólafsson.

Sækja fund: Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Orri Hlöðversson, Sævar Birgisson í fjarveru Aldísar Stefánsdóttur, Svana Helen Björnsdóttir, og Valdimar Víðisson.

Sækja fjarfund: Sigríður Hulda Jónsdóttir í fjarveru Guðfinns Sigurvinssonar.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, samskipta- og viðskiptapróunarstjóri, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja staðfund.

Til fundarins hafði verið boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar og er því fundurinn ákvörðunar- og ályktunarbær.

Tekið fyrir

1. Samskipti á milli funda

Formaður, varaformaður og framkvæmdastjóri funduðu á Teams til að ræða framtíðarskipulag endurvinnslustöðva.

2. Málefni áhættunefndar – kostnaðarmat kynnt

Svana Helen Björnsdóttir víkur af fundi undir þessum lið.

Á stjórnarfundum Sorpu bs. þann 9. apríl sl. var óskað eftir kynningu á því hver áætlaður kostnaður við áhættunefndina væri.

Í stofnsamþykkt byggðarsamlagsins er tilgreint að taka skuli mið af nefndarlaunum í Reykjavík við ákvörðun um þóknun fyrir stjórnarsetu. Þá segir í grein 5.4.3. í eigandastefnu Sorpu bs. að stjórn skuli tileinka sér hófsemi þegar kemur að launakjörum og öðrum starfskjörum. Með hliðsjón af ofangreindu þykir rétt að miða við upphæð Reykjavíkurborgar fyrir setu í öðrum nefndum, nánar tiltekið þóknun að upphæð 24.717 kr. fyrir hvern setinn fund en tvöföld greiðsla fyrir formann, enda beri hann ábyrgð á undirbúningi funda.

Sitji starfsmaður Sorpu bs. í áhættunefnd þá er það hluti af starfi viðkomandi starfsmanns og fellur undir heildarlaun starfsmannsins hjá samlaginu. Hins vegar ber að greiða vinnuframlag þeirra nefndarmanna sem ekki eru starfsmenn Sorpu bs.

Einungis formaður nefndarinnar er ekki fastráðinn starfsmaður Sorpu bs. og mun því fá sérstaklega greidda þóknun fyrir setu í nefndinni. Upphæð þóknunar er 49.434 kr. fyrir hvern fund.

Gert er ráð fyrir því að nefndin fundi aðra hvora viku. Að teknu tilliti til sumarleyfa og annarra hátíðisdaga má gera ráð fyrir að fjöldi funda yfir árið verði að hámarki 22. Heildarlaunakostnaður með launatengdum gjöldum er áætlaður 1.304.826 kr. á ári.

Fullgild rafræn undirskrift

ÁRELÍA EYDÍS GUÐMUNDSDÓTTIR

Kennitala: 101006-4869
2024-05-07 10:51:43 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SIGRÍÐUR HULDA JÓNSDÓTTIR

Kennitala: 180964-5689
2024-05-07 15:35:54 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

VALDIMAR VÍÐISSON

Kennitala: 100978-3509
2024-05-07 10:31:22 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

ORRI VIGNIR HLÖÐVERSSON

Kennitala: 200664-2139
2024-05-07 10:45:13 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR

Kennitala: 201260-2489
2024-05-07 10:49:11 GMT
Ástæða: Undirskrift

Fullgild rafræn undirskrift

SÆVAR BIRGISSON

Kennitala: 150288-2319
2024-05-07 10:50:23 GMT
Ástæða: Undirskrift



Ekki er gert ráð fyrir öðrum kostnaði við störf áhættunefndar.

Stjórn samþykkir ofangreinda þóknun fyrir setu í áhættunefnd.

3. Skipan vinnuhóps um ESA málið og verkefnaáætlun lögð fram til kynningar

Framkvæmdastjóri fer yfir framvindu ESA-málsins og stofnun vinnuhóps. Haraldur Flosi Tryggvason Klein lögmaður hefur verið skipaður verkefnastjóri yfir vinnuhópnum, sem samanstendur til viðbótar af Halldóri Þorkelssyni rekstrarráðgjafa, og Þórhalli Hákonarsyni, fjármálastjóra SORPU.

Lovísa Jónsdóttir starfsmaður SORPU er ritari hópsins. Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á og stýrir úrvinnslu og framkvæmd.

Minnisblað um verkefnið er lagt fram til kynningar.

4. Undirbúningafélag um byggingu brennslu – minnisblað um stöðu máls og næstu skref

Framkvæmdastjóri og samskipta- og viðskiptaþróunarstjóri gera grein fyrir minnisblaði um næstu skref við stofnun undirbúningsfélags um sorpbrennslu. Í minnisblaðinu er lagt til að SORPA komi að undirbúningsfélaginu og leggi því til fjórðung til þriðjung af árlegu rekstrarfé í 2-4 ár ásamt öðrum þátttakendum í félaginu.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að halda áfram viðræðum við aðila á grundvelli minnisblaðsins. Framkvæmdastjóri kynnir málið að nýju á næsta fundi stjórnar.

5. Skipulag SORPU – áherslubreytingar kynntar

Framkvæmdastjóri leggur fram til kynningar drög að áherslubreytingum í skipulagi SORPU.

6. Gæða- og umhverfisstefnur SORPU bs. lagðar fram til samþykktar

Gyða Sigríður Björnsdóttir, umhverfisstjóri SORPU, tekur sæti á fundinum klukkan 08:40.

Umhverfisstjóri gerir grein fyrir gæða og umhverfisstefnum, sem eru lagar fram til samþykktar.

Stjórn samþykkir stefnurnar.

7. Grænt bókhald SORPU kynnt

Umhverfisstjóri gerir grein fyrir grænu bókhaldi SORPU.

Stjórn samþykkir grænt bókhald SORPU.

Svana Helen vísar vikur af fundi 09:02.



8. Málefni endurvinnslustöðva – staða verkefna hjá starfshópum

Guðmundur Tryggvi Ólafsson, rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU, tekur sæti á fundinum 09:05.

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir stöðu vinnu hjá starfshópum um endurvinnslustöðvar. Vinnu hóps sem vinnur að því að finna staðsetningu fyrir endurvinnslustöð í stað stöðvarinnar við Dalveg seinkar um mánuð og stefnt að skilum á næsta fundi stjórnar.

Vinnu hóps um framtíðarskipulag endurvinnslustöðva vindur vel fram og gert ráð fyrir að hópurinn skili niðurstöðu í haust.

Rekstrarstjóri endurvinnslustöðva gerir grein fyrir stöðunni við uppbyggingu á endurvinnslustöð við Lambhagaveg.

Guðmundur Tryggvi vísar vikur af fundi klukkan 09:41.

9. Skýrsla framkvæmdastjóra

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir skýrslu framkvæmdastjóra.

10. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir erindi umboðsmanns Alþingis vegna skoðunar umboðsmanns á birtingu gjaldskrá SORPU í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrvinnslusjóður hafnaði erindi SORPU um að greiða aukalega vegna aukins kostnaðar vegna aukinnar flokkunar á drykkjarfernum. Kostnaðurinn nemur um 30 milljónum króna á ári.

Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður 4. júní klukkan 07:30.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 10:00.